

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 709/2000, um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Í stað tollskrárnúmeranna 9801.1033 og 9901.1033 í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar koma: 9801.1042 og 9901.1042.

#### 2. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 2. mgr. 4. gr. og kaflafyrirsögn á undan 20. gr. og „ríkistollstjóri“ í 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 10. gr., 15. gr., og 20. gr. koma: tollstjórans í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á fylgiskjali I við reglugerðina:

a. Við upptalningu tollskrárnúmera og vörulýsinga bætast tvö númer svohljóðandi:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti	Tollur		Gjöld
		A	E	
		%	%	
9801.1041	– Vindlingar .....	0		Ö2, T1
9801.1042	– Annað tóbak .....	0		Ö2, T2

b. Á eftir orðunum „um gjald af áfengi“ í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. fylgiskjals I kemur: og tóbaki.

c. Við 2. mgr. fylgiskjals I bætast tveir töluliðir, númer 5 og 6, svohljóðandi:

5. Af vindlingum sem flokkast í tollskrárnúmer 9801.1041 sem merkt eru með lykkinum T1 skal greiða tóbaksgjald 210 kr á hvern pakka (20 stk.), sbr. lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

6. Af öðru tóbaki sem flokkast í tollskrárnúmer 9801.1042 sem merkt eru með lykkinum T2 skal greiða tóbaksgjald 10,50 kr á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru, sbr. lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 107. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2002.

*Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Páll Jóhannesson.*